

Ríkissjóður eða hlutaðeigandi launagreiðandi endurgreiða lífeyrissjóðnum það, 47  
sem lífeyrir greiddur samkvæmt ákvæðum þessarar greinar verður hærri en lög sjóðs- 20. marz  
ins ákveða.

## 5. gr.

Þeir aðilar, sem innheimta iðgjöld í umboði Tryggingastofnunarinnar skulu senda henni reikningsyfirlit yfir innheimt iðgjöld ár hvert fyrir 31. jan. næsta ár. Iðgjöld launþega og launagreiðanda skulu greidd til sjóðsins innan tveggja vikna frá útborgun þeirra launa, sem þau eru reiknuð af.

## 6. gr.

Tryggingastofnun ríkisins annast greiðslu lífeyris. Heimilt er henni þó að semja við einstaka launaafgreiðsluaðila um greiðslu lífeyris í umboði hennar. Árslífeyri skal greiða með  $\frac{1}{2}$  mánaðarlega fyrir fram, nema þeir, sem lífeyris njóta, óski færri gjalddaga.

## 7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 64 2. sept. 1955 og lögum nr. 111 27. des. 1954, sbr. lög nr. 78 17. des. 1955, um breyting á þeim lögum, öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi fallin reglugerð um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, dagsett 24. nóv. 1944.

*Fjármálaráðuneytið, 20. marz 1957.*

**Eysteinn Jónsson.**

Sigtr. Klemenzson.

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 101 19. maí 1943, um orlof.

48

26. marz

## 1. gr.

3. gr. orðist svo:

Orlofsfé skal standa á heilum krónum þannig, að 50 aurar telst heil króna, en minni upphæð sleppt.

Gerð orlofsmerkja skal vera þessi: Stærð  $20.5 \times 24.5$  millimetrar, ofan til inn á milli tveggja hringa standi orðið: ORLOF og neðan til orðið: KRÓNUR, en á miðju merkinu innan hringanna standi gildi hvers merkis í tölustöfum. Merkinu skulu gefin út í 5 mismunandi verðgildum: 1 króna, 2 krónur, 5 krónur, 10 krónur og 50 krónur. Litur merkjanna er ákveðinn af póst- og símamálastjórninni.

## 2. gr.

5. gr. orðist svo:

Orlof skal veitt í einu lagi á tímabilinu 1. júní til 15. september.

Frá ákvæðum 1. mgr. eru gerðar eftirfarandi undantekningar:

- a. Orlofi starfsmanna við sveitastörf skal skipta þannig, að  $\frac{1}{3}$  hluti orlofsins sé veittur á tímabilinu 1. til 15. júní, en  $\frac{2}{3}$  hlutar orlofsins séu veittir á tímabilinu frá 15. október til 30. nóvember.
- b. Orlof starfsmanna við sildveiðar og sildarverksmiðjur skal veitt á tímabilinu frá 1. október til 1. júní.
- c. Starfsmönnum, sem stunda vinnu fjarri heimilum sínum, skal ekki veitt orlof meðan þeir stunda slíka vinnu.

- 48 d. Farmenn eru ekki skyldir til að taka orlof þegar skip eru í erlendri höfn.  
26. marz Aðilar geta með samkomulagi ákveðið, að orlofi skuli skipta og að það skuli veitt á öðrum tímum árs en í þessari grein segir.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 16 1943, til að öðlast gildi 1. apríl 1957. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 44 31. marz 1955 um breyting á reglugerð nr. 101 19. maí 1943.

*Félagsmálaráðuneytið, 26. marz 1957.*

**Hannibal Valdimarsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

49

28. marz

## AUGLÝSING

um staðfestingu á samþykktum sjúkrasamlaga í kaupstöðum.

Samkvæmt lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar, hefur ráðuneytið staðfest samþykktir fyrir eftirgreind sjúkrasamlög, samanber auglýsingu félagsmálaráðuneytisins nr. 25 14. febrúar 1957:

		Staðfest:
5.	Sjúkrasamlag Hafnarfjarðar .....	20. marz 1957.
6.	— Sauðárkróks .....	20. — 1957.
7.	— Vestmannaeyja .....	20. — 1957.
8.	— Siglufjarðar .....	26. — 1957.

*Félagsmálaráðuneytið, 28. marz 1957.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Gunnlaugur Þórðarson.*

50

28. marz

## AUGLÝSING

um staðfestingu á samþykktum héraðssamlaga.

Samkvæmt lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar, hefur ráðuneytið staðfest samþykktir fyrir eftirgreind héraðssamlög, samanber auglýsingu félagsmálaráðuneytisins nr. 25 14. febrúar 1957.:

		Staðfest:
8.	Héraðssamlag Strandasýslu .....	2. marz 1957.
9.	— Norður-Ísafjarðarsýslu .....	2. — 1957.
10.	— Vestur-Húnavatnssýslu .....	20. — 1957.
11.	— Austur-Húnavatnssýslu .....	20. — 1957.
12.	— Norður-Múlasýslu .....	26. — 1957.
13.	— Suður-Múlasýslu .....	26. — 1957.

*Félagsmálaráðuneytið, 28. marz 1957.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Gunnlaugur Þórðarson.*